

56 17. apríl. verði að viðgjörð við kirkjuna á Vestmannaeyjum, sem er eign landssjóðs, megi fram fara á yfirstandandi vori, og að greiða megi af tekjum kirkjunnar kostnaðinn við þetta, en hann mun samkvæmt áætlun er gjörð hefir verið, nema 166 kr.

Út af þessu leggst jeg eigi undir höfuð að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að tillögur þessar eru samþykktar.

57 17. apríl. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um embættisveitingu.* — Í brjefi þessu kemst ráðgjafinn meðal annars svo að orði út af veitingu á Ísafjarðarsýslu: „Jafnvel þó ekki hefði þótt neitt athugasvert, í líkingu við það, sem áður hefir átt sjer stað í slíkum tilfellum, að koma fram með allraþegnlegasta tillögu um, að Stefán sýslumaður Bjarnarson mætti álitast, sem ekki skipaður sýslumaður í Árnessýslu, hefir ekki orðið tekið tillit til bónarbrjefs hans, þar eð beiðni hans um embættið var skýlaust bundin því skilyrði, að nýtt veitingarbrjef yrði gefið út handa honum og launin reiknuð eptir 4. og 5. gr. í lögum 14. desbr. 1877; en það hefði verið að fara í kringum ákvarðanir 7. gr. laga þessara, ef þetta hefði verið veitt, eins og það einnig hefði getað haft afleiðingar í öðrum tilfellum.

58 17. apríl. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hitavjel í dómkirkjuna.* — Í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sökum beiðni, er komið hafði frá dómkirkjuprestinum í Reykjavík, lagt það til, að nú, er stendur til að gjöra við nefnda kirkju, verði meðfram sjeð um, að hún verði upphituð og í því skyni settir í hana tveir ofnar af hæflegri stærð og fyrirkomulagi svo og hitapfur o. fl. allt samkvæmt tillögum er samdar hafa verið, af yfirsmiðnum yfir viðgjörð dómkirkjunnar. Mælist þjer því til þess, að yður verði falið á hendur að semja við yfirsmiðinn um að útvega hina nefndu ofna með öllu sem þar tilheyrir og að framkvæma vinnu þá, er stendur í sambandi þar við, fyrir allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, sem ætluð er dómkirkjunni til viðgjörðar.

Þar eð ráðgjafinn hlýtur að fallast á það, sem þjer, herra landshöfðingi, hafið tekið fram um að slík ráðstöfun eigi vel við eptir því sem nú er á statt, læt jeg eigi undanfalla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að framanskrifaðar tillögur eru hjér með samþykktar.

Í sama brjefi getið þjer, herra landshöfðingi þess, að tilefni gæti verið til að útvega uppdrátt og áætlun um alþingishús, er meðfram mætti koma stiptsbókasafninu og forngripasafninu fyrir í, og að leggja fyrir alþingi það, sem kemur saman í ár, uppástungu um að veita fje það, sem þarf á að halda til að reisa slíkt hús fyrir, og skal yður því jafnframt þjónustusamlega tjáð, að þjer megið búast við nánari tilkynningu um þetta.

59 17. apríl. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um póstgufuskipið „Díonu“.* — Út af umkvörtunum þeim, er fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 29. nóvember f. á. yfir því, að póstgufuskipið Diana hefði eigi á ferð sinni norðan um landið í septembermánuði f. á. komið við á Skagaströnd var skrifað innanríkisstjórninni, og hefir hún nú að fengnum skýrslum bæði frá skipstjóra nefnds póstgufuskips er þá var, premierlieutenant Wandel og frá sjóforingja Lütken, er leggur póst-

stjórninni ráð í gufuskipsmálum, skýrt frá því er hjer segir: Póstgufuskipið Diana hafði 59
á hinni umræddu ferð sinni ekki komið inn á Húsavíksökum óveðurs af norðaustri. Þegar 17. apríl.
það var búið að vera á Eyjafirði og veðrið batnaði, fór það hinn 19. september aptur
austur að Húsavík, og hjelt, eptir að hafa fermt og affermt, um kvöldið hinn sama dag
áfram ferðinni vestur eptir. Áður en skipið fór frá Húsavík, var þegar byrjað að hvesa
og kominn talsverður vestanstormur, þannig að það var örðugleikum bundið, að koma
farþegunum frá Húsavík út í skipið, en þegar skipið um nóttina milli hins 19. og 20.
september um miðnætti var komið á móts við Eyjafjörð aptur, og þurfti að breyta stefn-
unni, ef það ætti að koma við á Skagaströnd, var orðið svo hvasst, að augljóst var, að
jafnvel þó skipið kynni að komast klaklaust inn á Skagaströnd, myndi ylgjan á höfninni
þar, sem er opin og alveg skýlislaus gegn vestanstormi, banna allar samgöngur við land.
Loftþyngdarrannsóknir þær, er gjörðar voru og veðurútlitið gaf þar að auki enga von
um, að veðrinu myndi fyrst um sinn slota. Þegar svo var ástatt og með því enn frem-
ur að kolaforði skipsins, meðal annars sökum slyss, er kom fyrir við kolatökuna á Seyðis-
firði, var fremur rýr, og skipið fullt af farþegum, er það myndi baka mikinn kostnað,
ef skipið skyldi tefjast um fleiri daga, að líkindum til engra nota — rjeð foringi skipsins
það af fyrir fullt og allt að koma ekki við á Skagaströnd, en þetta hafði sökum hins vaxandi
stormviðris áður komið honum til hugar; og var ákvörðun þessi undir eins tilkynt
báðum stýrimönnum skipsins, er fjellust alveg á hana. Það sem þannig er komið fram,
styrkist að því er veðrið snertir, af eptirriti eptir því sem athugað hefir verið á Skaga-
strandarstöðvum hinnar veðurfræðislegu (meteorologisku) stofnunar hjer í bænum, og getur
innanrikisstjórnin ekki álitid, að hin mismunandi lýsing á veðrinu, er finnst í eptirriti
því eptir skipsbók, er fylgdi umkvörtunum, hafi neina þýðingu gagnvart þessu.

Samkvæmt skýringum þessum hefir nefnd stjórn ekki getað sjeð betur en að
ákvörðun sú, sem premierlieutenant Wandel tók um að koma ekki við á Skagaströnd,
hafi, þegar litið er á allar ástæður þær, er fyrir henni voru, verið fullkomlega rjett, og
álitur innanrikisstjórnin sjer því ekki fært að veita nokkrar skaðabætur fyrir skaða þann,
er einstakir menn kynnu að hafa orðið fyrir sökum þess, að breytt var út af ferðaaæt-
luninni, eins og að ofan segir. Sömuleiðis verður að álita það vafalaust, að hlutadeigandi
skipstjóra verði ekkert gefið að sök í þessu tilliti, og hefir því ekki þótt ástæða til að
gjöra neitt frekara í málinu.

Ráðgjafinn leggst ekki undir höfuð hjer með þjónustusamlega að tjá yður þetta,
herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og endursendast
yður hjer með þeir 6 reikningar, er fylgdu ofanefndu brjefi yðar.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa 60
vitaverði. — Í tilefni af beiðni þeirri, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, herra lands- 17. apríl.
höfðingi frá 23. f. m., og þar sem vitavörðurinn á Reykjanesi, Arnbjörn Ólafsson, beiðist
styrks af almannaþje til að takast á hendur ferð til Danmerkur og dvelja nokkurn tíma
við vita hjer í landi og kynna sjer allt það er lýtur að vitastörfum, skal yður þjónustu-
samlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að ráðgjafinn, eptir að hafa
útvegað beiðanda aðgang að slíkum vita, leyfir hjer með í von um aukafjárveitingu, að
honum sje útborgaður 350 kr. ferðastyrkur í áminntum tilgangi.